



Af hverju eiga sumir í erfiðleikum með lestur? Lestrarþættir, einkenni lesblindu og kenningar.

Guðrún Sigríður Egilsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed-prófs
Háskóli Íslands
Menntavísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Af hverju eiga sumir í erfiðleikum með lestur?
Lestrarþættir, einkenni lesblindu og kenningar

Guðrún Sigríður Egilsdóttir

Lokaverkefni til B.E.d-prófs í Kennslufræði
Leiðsögukenvari: Halla Jónsdóttir

Kennaradeild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní, 2013

Af hverju eiga sumir í erfiðleikum með lestur.

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.E.d-prófs við kennaradeild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© 2013, Guðrún Sigríður Egilsdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Pixel, prentþjónusta

Reykjavík, Ísland, 2013

Ágrip

Þetta verkefni er 10 ECTS lokaverkefni til B.Ed gráðu í grunnskólakennarafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands vorið 2013. Verkefnið skiptist í tvo hluta, annars vegar greinagerð og hins vegar bækling.

Bæklingurinn er ætlaður kennurum og foreldrum barna sem hugsanlega eru lesblind. Í bæklingnum má finna umfjöllun um einkenni lesblindu og getur það aðstoðað fólk ef það veit ekki hver einkennin eru. Þar sem ég greindist sjálf mjög seint lesblind vildi ég búa til bækling þar kennarar gætu notast við þegar tilvik koma upp í bekk þar sem hugsanlega gæti barn verið lesblint. Það besta sem kennarar geta gert er að hjálpa barni frá byrjun ef það á í erfiðleikum og hefur það komið alltof mörgum sinnum fyrir að barn sé komið langt á veg með grunnskóla áður en það uppgötvast að það sé lesblint. Kennarar vita líka lítið um þennan kvilla og er lítið fjallað um hann í kennaranáminu.

Greinagerðin segir frá því hvernig lestur þróast hjá börnum og síðan er farið í lesblinduna, það er að segja hugtakið, einkenni, kenningar og fleira. Í greinagerðinni kemur einnig fram hvernig lesblindir sjá ýmsa hluti og getur það gagnast bæði foreldrum og kennurum að sjá líf þeirra í nýju ljósi.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Lestur	2
Hljóðkerfisvitund	4
Umskráning	5
Málskilningur og orðaforði	6
Sjónrænn orðalestur	6
Lesfimi og lesskilningur	8
Lesblinda	10
Skilgreinig lesblindu	12
Líffræðilegar orsakir lesblindu	13
Hvernig er hægt að sjá að barn sé lesblint?	13
Hugtakið lesblinda	14
Skrifblinda	14
Reikniblinda	14
Athyglisbrestur og ofvirkni	15
„Klaufska“	16
Lokaorð	16
Heimildaskrá:	17

Inngangur

Kennarar verða að vera tilbúnir að fá fjölbreyttan námshóp til sín á hverju hausti. Kennarar sem kenna á yngsta stiginu þurfa að þekkja alla þætti í lestri til að vita hvar nemendur standa og hverjir veikleikar þeirra eru. Þegar börn mæta í fyrsta sinn í grunnskóla vita kennarar ekki hvar þau eru stödd námslega, félagslega né þroskalega séð. Mikilvægt er að kennarar afli sér upplýsinga um nemendur sína og reyni að kynnast þeim sem fyrst til þess að hjálpa þeim ef þeir þurfa meiri hjálp. Kennarinn verður að vita hvernig lesturinn á að þróast til þess að hjálpa þeim sem þurfa meiri hjálp. Mikilvægt er einnig að kennari þekki helstu einkenni lesblindu þar sem það eru alltaf einhver börn sem þjást af þeim kvilla. Kennarar verða að afla sér upplýsinga um lesblindu og vita hvað eigi að gera af það kemur upp tilvik að nemandi sé lesblindur. Best er að greina vandann sem fyrst til að koma í veg fyrir að nemandinn sjái að hann eigi í einhverjum erfiðleikum. Því eldri sem nemandinn er því erfiðara er að læra að læra með lesblindu. Því miður hafa of margir verið greindir of seint eða aldrei og hafa gefist upp á námi. En sem betur fer er það orðið sjaldgæft og kennarar að verða opnari fyrir þessum kvilla en samt má betur gera og fræða kennara meira um lesblindu og hvað er hægt að gera með nemendum. Það er ótal margt hægt að gera sem kostar ekki mikla peninga. Mikilvægt er að hafa gott samband milli kennara og foreldra lesblindra barna til að geta í sameiningu hjálpað barninu.

Þessi greinagerð fer yfir flesta þætti viðkomandi lestri og er mikilvægt að kennarar þekki þá alla. Síðar verður farið í hugtakið lesblinda og allt sem því fylgir. Í bæklingnum sem fylgir greinagerðinni eru einkenni lesblindu rakin og er bæklingnum ætlað að hjálpa foreldrum og kennurum við að athuga hvort að barnið þeirra eða nemandi sé hugsanlega lesblint þannig að hægt sé að hafa samband áfram við aðila sem sjá um greiningu barna.

Lestur

Þegar börn læra að lesa er umskráning á hljóðum í tákni, tæknilega færni og málskilning eitt af því sem þau fást við. Sérfræðingar benda á að til þess að vera góður í lestri þarf samspil tveggja þátta, það er að segja umskráningar og síðan skilnings á því sem lesið er. Lestur er mikilvægur og er undirstaða þess að geta lært.

Það þarf að fylgjast vel með þeim sem eru í áhættuhópum í lestri svo hægt sé að grípa nógu snemma inn í áður en vandamálið verður illviðráðanlegt. Strax í leikskóla er börnum sýnt hvernig málið er byggt upp og eru margir leikir sem hægt er að fara í svo að börn læri að skilja málið. Þeir sem vinna í leikskólum þurfa að vita hvernig eðlilegur málþroski er svo að þeir geti séð hvar börnin standa og geti þannig skimað snemma fyrir því hvaða börn eiga í erfiðleikum með málið því það getur leitt til vandræða síðar meir (Ásthildur Snorradóttir og Sigurlaug Jónsdóttir, 2000).

Sýnt hefur verið fram á hversu mikilvægur þáttur fjölskyldunnar er í lestrarkennslu barna, það er að segja, að það hafi verið lesið fyrir þau, hugtök útskýrð og orð sem þau skilja ekki og orðaforði þeirra aukinn með því að tala við þau. Mikilvægt er að reyna að vekja áhuga hjá börnum á lestri því þau börn sem eiga í erfiðleikum með lestur eru í meiri hættu en önnur börn með að gefa lesturinn upp á bátinn þar sem hann reynist þeim erfiðari. Ef þau hætta að lesa missa þau af þessari miklu málörvun sem bækurnar eru þeim og það verður erfiðara að vinna upp það sem hefur glatast þegar þau vilja reyna síðar við lesturinn (Ásthildur Snorradóttir og Sigurlaug Jónsdóttir, 2000).

Munnlegir tungumálhæfileikar eru grunnurinn að því að lestrarhæfileikar þróist en það er mikilvægt að gera greinarmun á talfærni og tungumálafærni í sambandi við þróun lestrar. Börn þurfa að læra tengingu stafs og hljóðs þegar þau læra að lesa og þurfa þau að vera með góða talfærni til þess að geta það (Snowling og Stackhouse, 2006). Það þýðir að það eru undirþættir sem þurfa að vera í lagi sem hafa áhrif á talfærni þeirra, þessir þættir eru meðal annars hljóðkerfisvitundin og hljóðavitundin. Sú kennsla sem beinist að þessu ferli að læra tengingu stafs og hljóðs er kennd í 1. bekk en til þess að börn skilji merkingu orða og setninga, geti sett þau saman í texta og ályktað merkingu texta umfram þess sem stendur í honum krefst mjög víðrar þekkingar á tungumálinu. Til þess að börn öðlist skilning á textum sem þau lesa eru margir þættir sem geta haft áhrif og er orðaforði meðal þeirra áhrifaþátta (Snowling og Stackhouse, 2006).

Tveir aðrir þættir eru mikilvægir í lestrarferli barna. Börn þurfa að ná valdi á sjónrænum orðalestri þar sem þau festa orð í sjónrænni orðabók í minni sínu (Ehri, 2002) og ná upp ákveðinni lesfimi. Allt þetta ferli er partur af því að þau öðlist góðan lesskilning.

Hljóðkerfisvitund

Hljóðkerfisvitund er vitund um að hvert stakt orð er samsett úr röð hljóða sem táknuð eru með bókstöfum (Steinunn Torfadóttir, 2010) en hún er tilfinning barna fyrir hljóðkerfi tungumálsins. Í því felst meðal annars skilningur þeirra á því hvernig hægt er að greina talmál niður í smærri hljóðeiningar og hvernig hægt er að vinna með einingarnar á mismunandi vegu (Ragnar Ingi Aðalsteinsson, 2010). Þegar um er að ræða góða hljóðkerfisvitund þá hafa börnin góða tilfinningu fyrir öllum hljóðeiningum tungumálsins. Hljóðkerfisvitund þróast allt frá leikskóla til lok grunnskóla og eykst hún með aukinni málþekkingu. Í fyrstu tileinka þau sér einfalda hljóðkerfisþætti en smám saman verður hún erfiðari (Ragnar Ingi Aðalsteinsson, 2010). Hljóðavitund er undirþáttur hljóðkerfisvitundar og er mikilvæg forsenda lestrarnáms. Hún er vitund um að hvert orð er samsett úr hljóðum sem eru táknuð með bókstöfum. Hún er undirstaða þess að geta skilið og unnið með þessi tengsl hljóða og stafa (Ragnar Ingi Aðalsteinsson, 2010).

Góð hljóðkerfisvitund er mjög mikilvægur þáttur í því að börnum gangi vel að læra að lesa og er hún ásamt hljóðavitundinni ákveðin forspá um velgengni í umskráningu sem er einn grunnþáttur lestrar. Leið til læsis skimunarprófið er próf sem skimar fyrir því hvort að veikleikar séu í hljóðkerfisvitundinni og undirþáttum hennar eða ekki ásamt því að vera mjög yfirgripsmikið stuðnings- og eftirfylgdarkerfi í lestrarkennslu (Steinunn Torfadóttir, 2010). Prófið kannar við upphaf skólagöngu þá þætti sem hafa forspárgildi fyrir umskráningu eins og hljóðkerfisvitundina ásamt því að kanna lesskilning. Öll börn eru einstök og þurfa sum börn meiri aðhald eða öðruvísi kennslu í lestri miðað við getu þeirra og færni. Þetta próf hjálpar lestrarkennurum að koma til móts við öll börnin í bekknum þar sem þeir geta hannað kennsluskipulag og valið kennsluaðferðir sem sinna þörfum allra í kennslustofunni. Þetta próf finnur bæði þau börn sem eru í áhættu á að ganga illa í lestri, þau sem eru á réttu róli miðað við aldur og þau sem eru líklegust til að ganga mjög vel svo hægt er að miða kennsluna að hverjum og einum (Steinunn Torfadóttir, 2010). Þegar niðurstöður þessa prófs liggja fyrir getur kennarinn gert áætlun sem hjálpar hverju barni í bekknum að læra að lesa, þar á meðal með umskráningu stafs og hljóðs.

Umskráning

Til þess að skilja það sem við erum að lesa þurfum við að geta umskráð orð og skilið merkingu þeirra. Umskráning og skilningur vefjast saman og því er ekki hægt að tala um virkan lestur nema að þessi tvö ferli vinni saman. Þannig geta börn, sem ekki hafa náð valdi á umskráningu ekki lesið, eins geta börn þá ekki talist læs ef þau skilja ekki textann. Það er lítil tilgangur með lestrinum ef skilningur er ekki til staðar. Það að við getum umskráð en erum kannski ekki með hugmynd um það hvað við vorum að lesa sýnir þó að umskráningin og lesskilningurinn eru tveir aðskildir hlutir þó þeir tengist svona sterkum böndum. Þarna höfum við nefnilega tekið skilninginn alveg út og eftir stendur aðeins umskráningin (Cain, 2010).

Samkvæmt einfalda lestrarlíkaninu er lesskilningur og lestur afurð tveggja þátta, það er umskráningar sem er færni sem byggir á því að umbreyta eða umskrá bókstöfum í hljóð, tengja hljóð saman í orð og bera það svo fram til að skilja merkingu þess og hlustunarskilnings. Í Einfalda lestrarlíkaninu eru þessir þættir settir upp í jöfnuna $L=U \times S$. L er þá tákn fyrir lesskilning, U tákn fyrir umskráningu, það er að segja að geta lesið úr bókstöfunum orð og texta (sjálfvirkur orðalestur) og S táknar þá málskilning, það að geta skilið orðin og textann sem bókstafirnir mynda. Út frá einfalda lestrarlíkaninu er auðvelt að greina styrkleika og veikleika barna í lestri og gott er að nota niðurstöðurnar til að leggja línur um viðeigandi kennslu (Steinunn Torfadóttir, 2010).

Aðal markmið eða áskorun barna sem eru að byrja að læra að lesa er að læra hvernig á að breyta rituðum orðum í hljóðrænt form þeirra til þess að ná fram þýðingu orðanna. Ef ung börn eiga í vandræðum með að hljóða sig í gegnum orðin á blaðinu mun þeim ekki takast að samlaga þýðingu orðanna í setningar og að samlaga þýðingu setninganna til að öðlast skilning á textanum sem heild. Ef þau geta ekki umskráð orð rétt, þá geta þau ekki náð í merkinguna fyrir orðin í orðasafn sitt. Þetta samband á milli umskráningar, hlustunar- og lesskilnings breytist þó með tímanum eftir því sem lestarhæfileikar barnanna þróast (Cain, 2010). Mjög sterkt samband er á milli orðaforða og lesskilnings. Börn sem hafa lítinn og ekki góðan orðaforða eiga erfitt með að skilja texta sem þau lesa. Eins kemur góð færni í umskráningu ekki að miklum notum ef ekki er til staðar skilningur á orðum.

Málskilningur og orðaforði

Málskilningur þróast í gegnum talað mál. Góður málskilningur er nauðsynlegur þáttur í lesskilningi því að mikilvægt er að skilja hugtök til þess að skilja texta. Málskilningur er einnig örvaður frá unga aldri með ýmsum leiðum. Tengsl eru á milli málskilnings og lesskilnings en lesskilningurinn er lítil í byrjun lestrarnáms þar sem textinn er oftast myndskreyttur og styður við það sem nemandinn les (Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir, 2010).

Orðaforða má skipta í tvo flokka, það er virkan orðaforða sem við notum án þess að hugsa sérstaklega um það og síðan óvirkan orðaforða en þar eru orð sem við skiljum þegar við lesum þau eða heyrum en erum ekki að nota þau í daglegu tali (Sigurður Konráðsson, 2000). Einnig getum við skipt orðaforða í talmálsorðaforða og ritmálsorðaforða. Í talmálsorðaforða eru þau orð sem við notum í daglegu tali en sjáum ekki í bókum, til dæmis slanguryrði og blot. Í ritmálsorðaforða eru aftur á móti formleg orð og ákveðið orðalag sem við grípum ekki mikið til þegar við tölum dagsdaglega (Sigurður Konráðsson, 2000).

Börn auka orðaforða sinn með því að tala við aðra. Sum börn eru fljót að læra ný orð en önnur eiga erfiðara með það og taka sér því lengri tíma til þess. Því meira sem foreldrar tala við börnin sín og útskýra fyrir þeim ný hugtök og lesa fyrir þau, því betri orðaforða hafa þau.

Góður orðaforði hefur áhrif á námsframvindu barnanna þar sem samband er á milli orðaforða og lesturs og því meiri orðaforða sem börnin hafa því meira skilja þau af því sem þau lesa og geta því aukið lestrarhraða sinn. Börnin þurfa ekki að stoppa við eins mörg orð og reyna að skilja þau því þau þekkja merkingu þeirra. Það hefur sýnt sig að greinilegt samband er á milli orðaforða barna og hvernig þeim gengur að lesa og því mikilvægt fyrir kennara að leggja áherslu á að auka orðaforða barnanna í kennslu sinni. Kennarar geta gert það með því að til dæmis að lesa fyrir þau, stoppa á orðum sem þau skilja ekki, hengja upp nöfn á hlutum og margt fleira (Wasik, 2006).

Sjónrænn orðalestur

Einn mikilvægur þáttur lestrarferlisins er sjónrænn orðalestur. Það er ákveðið ferli sem öll börn sem eru að byrja að lesa fara í gegnum til að öðlast færni í lestri (Ehri, 2002). Sjónrænan orðalestur er hægt að útskýra þannig að í vinstra heilahveli þess

sem les er staðsett hugarorðabók. Þessi orðabók inniheldur öll skrifuð orð sem lesandinn kannast við. Þegar augnaráð lesandans fellur á þessi orð, vekur það strax upp merkingu þeirra og framburð í minninu (Ehri, 2002). Hægt er að segja að fyrir flesta fullorðna einstaklinga er lestur á þeirra eigin móðurmáli það ósjálfráður að þeir hugsa lítið um það hvernig þeir fara að því að lesa og vita hvað textinn sem þeir lesa merkir. Lestur er orðinn það stór partur af lífi þeirra að merking orðanna í kringum þá kemur ósjálfrátt upp í hugann (Ehri, 2002).

Til þess að börn geti lesið orð sjónrænt þurfa þau að hafa lesið þau áður oft en einu sinni og með því, fest orðin í minni sínu. Þegar þau sjá orðin aftur seinna kviknar á orðabókinni í minninu sem inniheldur merkingu þeirra og framburð þannig að þau vita hvernig orðin eru sögð og hvað þau þýða án þess að þurfa að heyra þau sögð upphátt. Sjónræn orð eru lesin sem ein heild, án hléa á milli hljóða stafanna eins og gert er í umskráningu. Þegar börnin þekkja orðin nógu vel vita þau ósjálfrátt hvernig þau eru borin fram og hvað þau þýða (Ehri, 2002).

Sjónrænn orðalestur er í megin atriðum þannig að börnin eru að mynda tengsl á milli stakra orða, framburðar þeirra og merkingu (Ehri, 2002). Í sjónrænum orðalestri verða börnin að muna hvern einasta staf í orðunum og vita bæði hvernig stafirnir og orðin eru borin fram, ef þetta er ekki til staðar er mjög erfitt að festa þau í sjónrænu orðabókina í minninu. Til þess að börn geti lært sjónrænan orðalestur þurfa þau að vita hvernig tengsl myndast á milli hvers stafs og hljóðanna sem þeir mynda þegar þeir fara saman í orð. Til þess að börnin geti vitað hvernig þessi tengsl myndast þurfa þau að þekkja hljóðasambönd stafanna. Þegar börn eru að læra sjónrænan orðalestur horfa þau á stafsetningu orðanna sem þau eru að leggja á minnið og segja þau upphátt en út frá því greina þau hvernig hljóð stafanna fara saman. Börnin lesa orðin svo nokkrum sinnum upphátt en með því ná þau að festa þau í minni sínu (Ehri, 2002).

Þegar börn læra sjónrænan orðalestur, læra þau að vinna úr skrifuðum orðum eins og um einskona hljóðakort væri að ræða þar sem ákveðnir þættir í framburði orðanna eru settir fram á sjónrænan hátt. Börn læra sjónræna orðalesturinn með því að vinna úr þessum hljóðkortum eða samböndum hljóða og stafa þegar þau lesa ný orð og er þessi vinna mjög mikilvæg til þess að börn öðlist þessa færni. Tengsl milli hljóðs og stafs veitir þeim öflugt kerfi þar sem mynstur stafanna og hljóða þeirra hjálpar þeim að muna hvernig stafirnir eru bornir fram sem heild eða sem eitt orð

ásamt því að tengja þau við merkingu þeirra. Þegar þau kunna stafina og hljóð þeirra get þau byrjað að byggja upp sjónrænan orðaforða mjög auðveldlega (Ehri, 2002). Þegar sjónræni orðaforðinn er orðinn nægilega stór og börnin búin að ná góðum tókum á sjónræna orðalestrinum er hægt að fara að vinna með lesfimi þeirra.

Lesfimi og lesskilningur

Til þess að öðlast lesfimi þurfa börn að hafa ákveðna færni í þeim þáttum sem hefur verið þegar farið yfir, það er, í hljóðkerfinu eins og að greina rím og hljóð orða og fleirra, geta umskráð orð sjálfvirkt, vera með ágætan orðaforða og orðskilning ásamt því að geta lesið orð á sjónrænan hátt. Það að geta lesið texta með lesfimi þýðir því að börn geti lesið af öryggi og nákvæmni og lesið texta með þeim hrynjanda sem hæfir honum. Það þýðir einnig að þau geti lesið skýrt og með ákveðinni lipurð og tilfinningu sem gerir lesturinn fallegan í áheyrn. Til þess að geta gert þetta þurfa börnin að hafa skilning á textanum svo hrynjandinn sé réttur og með áherslur á réttum stöðum, það er, stoppað eftir punkt, gefið þögn eftir kommu, hægt á og hraðað lestri eftir merkingu hans og svo framvegis (Allington, 2009).

Lesfimi næst með æfingu og er hún yfirleitt æfð samhliða því að byggja upp lesskilning þó aðferðirnar til þess að æfa þessa tvo þætti séu ekki þær sömu (Walpole og McKenna, 2007). Besta leiðin til þess að ná góðri lesfimi er að endurlesa texta oft og mörgum sinnum og þegar börn bera orð vitlaust fram, að leiðrétta þau strax. Einnig er gott að börn lesi mikið sjálf, bæði upphátt og fyrir jafnaldra sína og foreldra. Rannsóknir hafa þó sýnt að það beri mestan árangur að börn lesi fyrir fullorðna þegar kemur að því að æfa lesfimina en einnig geta tölvuforrit sem eru hönnuð til að æfa lesfimi hjálpað til (Walpole og McKenna, 2007).

Til þess að geta byggt upp lesfimi verða börn að geta lesið með ákveðinni sjálfvirkni. Ef þau hafa til dæmis lélegan sjónrænan orðaforða eða eru ekki nógu fær í að umskrá hljóð og stafi er mjög ólíklegt að þau geti æft upp lesfimina. Því ættu börn alltaf að fá texta sem hentar þeim miðað við hvar þau eru stödd í lestrarferlinu (Walpole og McKenna, 2007). Í þeim tilfellum þegar börn eru enn á því stigi að þau eru að festa orð í sjónræna minninu getur verið að þau græði mjög lítið á þeim æfingum sem snúa að lesfiminu, það er, að lesa endurtekið sama textann í þeim tilgangi að ná fram nákvæmni og hrynjanda sem hentar textanum.

Þegar lesfimi er byggð upp með endurtektarlestri ætti textinn sem er valinn til lesturs að vera á því stigi að það sé áskorun fyrir börnin að lesa hann í stað þess að velja texta sem er það léttur að þau geti lesið hann ein án alls stuðnings frá kennara sínum, foreldrum eða umsjónarmönnum (Walpole og McKenna, 2007). Með því að passa að textinn sé innan þessa viðmiða æfist lesfimin, þó getur lélegur orðaforði haft áhrif á getu barna til þess að ná upp lesfiminni þar sem ónóg þekking á orðum getur gert það að verkum að þau hnjóti frekar um þau við fyrstu lesningu. Því verður að velja texta sem inniheldur orð sem börnin þekkja eða geta giskað á hvað þýða út frá samhengi textans.

Samkvæmt sjálfvirku kenningunni (Allington, 2009) geta börn ekki lesið með skilningi ef að umskráningin tekur of mikið vitsmunalegt pláss í lestrinum, öll athygli þeirra fer í að umskrá stafina og því lítil athygli eftir til þess að þau skilji það sem þau eru að lesa. Eftir því sem börnin verða færari í að umskrá stafina og sjálfvirki orðalesturinn þróast, verður meira vitsmunalegt pláss eftir til þess að lesskilningur geti átt sér stað. Því er lesfimi í raun getan til þess að gera tvo hluti í einu, það er, umskrá og skilja textann (Allington, 2009). Lesskilningur er þó ekki bara eitt í viðbót sem börn læra þegar þau læra að lesa eða eitt í viðbót sem lestrarkennarar kenna. Lesskilningur er heldur eitt mikilvægasta atriði lestrarins sem allir stefna að (Harvey og Goudvis, 2007). Lesskilningurinn tengist öllum þeim þáttum sem hefur verið farið yfir þar sem þeir eiga allir þátt í því að börn nái á endanum lesskilningi en við lesum væntanlega öll til þess að skilja því annars væri ekki mikill tilgangur í lestrinum.

Börn læra lesskilning með því að vera virk í lestrarnáminu. Þau þurfa að lesa, skrifa, teikna, tala, hlusta og rannsaka til þess að vera virk en með því umhverfi eru leiðbeiningar og útskýringar lestrarkennara áhrifaríkari tæki til þess að auka lesskilning barnanna (Harvey og Goudvis, 2007). Í hvetjandi námsumhverfi eru börnin hvött til þess að auka lesskilning sinn og það ýtir undir vilja þeirra og áhuga til þess að auka hann. Þau tala við hvort annað, lesa í hljóði, skrifa niður hugsanir sínar eða vangaveltur um lesefnið og tjá þær og skoðanir sínar um lesefnið í leshring eða bókaklúbbum. Einnig skrifa þau sínar eigin sögur og útdrætti úr sögum sem þau lesa. Við getum ekki lesið hugsanir barnanna en ein leið til þess að opna fyrir skilning þeirra er að sýna þeim hvernig þau geta tjáð þessar hugsanir sínar með því að tala og skrifa um þær (Harvey og Goudvis, 2007). Með því að vinna með texta og orð eykst lesskilningurinn þar sem vinnan með þá eykur skilning barnanna á merkingu orðanna í margskonar samhengi. Efling lesskilnings er vinna sem á sér stað allt

þeirra líf ef börnin halda áfram að lesa og viðá að sér upplýsingum með lestri og skrift.

Lesblinda

Þegar fólk heyrir orðið lesblinda hugsar það oftast bara um lestur, skrift, stafsetningu og stærðfræði vandamál. Sumir eiga bara í vanda með orð og stafina, aðrir eru bara lengi að læra. Næstum allir segja að þetta sé vandamál við að læra, en það er bara einn þáttur í þessu öllu saman. Margir frægir listamenn eru lesblindir og er það útaf því að þeir eru lesblindir, lesblindan er snilligáfan þeirra. Gott er fyrir lesblindan einstakling að vita hvað það eru margir þarna úti sem hafa það gott og eru líka lesblindir. Lesblinda er náðargáfa, þetta er náttúruleg færni og hæfileiki. Hún bætir bara einstaklinginn. Lesblindir nota ekki allir náðargáfur sínar á sama hátt, en þeir eiga margt sameiginlegt (Ronald D. Davis og Eldon M, Braun,2003).

1. Þeir geta nýtt hæfileika heilans til að breyta skynjunum og skapa þær. Þetta hefur verið kallað frumfærni lesblindunnar.
2. Þeir eru mjög meðvitaðir um umhverfið sitt.
3. Þeir eru forvitnari en gerist og gengur.
4. Þeir hugsa fremur í myndum en orðum.
5. Þeir búa yfir ríku innsæi og næmi.
6. Þeir hugsa og skynja í margvídd með því að nýta öll skilningarvitin.
7. Þeir geta upplifað husun sem veruleika.
8. Þeir hafa frjótt ímyndunarafli.

(Ronald D. Davis og Eldon M, Braun,2003).

Skólar og foreldrar þurfa að passa að eyðileggja ekki þessa hæfileika í börnum sínum því þeir geta komið fram sem tveir eiginleikar, það er að segja greind yfir meðallagi og mikil sköpunargáfa. Mikilvægt er að lesblindur einstaklingur komist yfir neikvæðu hliðar lesblindunar því þá getur hann lært að meta þær jákvæðu. Jákvæðu hliðarnar eru alltaf til staðar en stundum átta einstaklingar sig ekki á þeim strax. Hver lesblindur einstaklingur hefur sína hæfileika og engir tveir eru eins. Lesblinda er afleiðing skynjunarhæfileika. Hjá sumum getur þessi hæfileiki orðið erfiður (Davis og Braun,2003).

Þeir sem eru lesblindir eiga ekki endilega bara í erfiðleikum með lestur. Þeir geta líka átt í erfiðleikum með stærðfræði, stafsetningu og margt fleirra. Orðið lesblinda er sem sagt ekki gott orð fyrir þennan vanda og er líka oft notað enska orðið Dyslexia sem á betur við. Mikilvægt er að nemendur viti að þó þeir eigi við námserfiðleika að stríða að þá tengist það ekki greind þeirra. Ron Davis telur að þessir einstaklingar sem eiga í einhverjum erfiðleikum með nám hafi sérstakar gáfur sem koma samt ekki alltaf í ljós (Elín Vilhelmsdóttir, 2002).

Lesblindir eiga í erfiðleikum með að lesa úr táknum ritmálsins þ.e. að breyta bókstöfumum í hljóð. Þessir erfiðleikar koma fram þegar einstaklingurinn er að byrja að læra að lesa og kemur þannig fram að hann á í erfiðleikum með að ná sjálfvirkni í skilningi við lesturinn. Einstaklingurinn á í erfiðleikum með að umskrá og skilja í einu það sem hann er að lesa.

Ef einstaklingur er lesblindur verður hann það alla ævi því það er ekki hægt að lækna hana. Einstaklingurinn getur gert margt til þess að bæta sig í því sem hann er slakur. Hann getur lesið hraðar með aldrinum en rannsóknir á hljóðfræðilegum skilningi lesblindra sýnir að veikleiki í ritun heldur yfirleitt áfram og er viðverandi ástand (Höien og Lindber, 2000).

Það sem allir lesblindir eiga sameiginlegt er það að þeir eru með veika hljóðkerfisvitund. Þó að allir séu með þessi grunneinkenni þá upplifa þeir lestrarörðugleikana á misjafnan hátt. Annað einkenni er að stafir detta úr orði eða jafnvel heilu orðin úr setningu. Einnig er eins og stafir dansi á línunni, séu á hreyfingu, minnki eða jafnvel stækki. Jafnvel að orð eða orðahlutar virðast verða á röngum stað. Einnig gerist það að fyrsti stafurinn sést vel en síðan er eins og stafirnir á eftir dofni út. Textinn getur verið eins og að þú sért að hofa á hann í gengum spegil eða jafnvel að textinn sé á hvolfi. Einnig er algengt að lesblindir sleppi stöfum þegar þeir eru að lesa og sjái ekki hástafi þar sem þeir koma fyrir (Jónas G. Halldórsson 1999). En algengustu einkenni hjá lesblindum einstaklingi eru erfiðleikar í lestri, skrift og stafsetningu. Einnig er mjög algengt að lesblindir víxli bókstöfum og táknum. Einkenni geta verið mismunandi frá degi til dags en ekki er vitað af hverju það stafar (Elín Vilhelmsdóttir 2007)

Skilgreinig lesblindu

Orðið lesblinda var fyrst kynnt árið 1887 af Dr Rudols Berlin. Þá var talið að lesblinda væri áunnin en ekki að einstaklingar fæddust lesblindir. Berlin taldi að einstaklingar sem ættu erfitt með að lesa væru með heila sjúkdóm en hefðu ekki orðið fyrir heilaskaða. Síðan hafa komið margar kenningar fram, t.d. kom Dr. Samuel Orton með þá kenningu að að lesblinda væri vandamál í umhverfispáttum og væri ekki aðeins í erfðum sem berast á milli ættliða (Robin Temple, 2002). Það eru ekki allir sammála um hvernig eigi að skilgreina lesblindu og hefur það verið reynt í yfir hundrað ár. En ástæða þess að vísindamenn hafa ekki komist að sameiginlegri skilgreiningu er að þeir horfa ekki á sama þáttinn þegar kemur að lesblindu. Sumir líta á hana sem málfarslega röskun, aðrir horfa meira á lestur og ritun, enn aðrir á taugasálfræðilega þætti eins og minni og sjálfvirkni. Það má segja sem svo að lesblinda sé safnheiti yfir fleiri en eina tengund af hömlun, og eiga allar þessar hamlanir það sameiginlegt að hafa letjandi áhrif á lestrarhæfni (Grétar L Marinósson o.fl. 1997).

Það er ekki einungis talað og ritað mál sem lesblindir einstaklingar eiga erfitt með. Það getur verið svo margt annað og stundum eiga þeir alls ekki í vanda með að tala og skrifa heldur felst þeirra vandamál ef til vill í stafsetningu, í því að eiga erfitt með að tjá sig, í hlustun og mörgu öðru. Það sem kennarar og foreldrar taka oft fyrst eftir hjá börnum er það að það er ósamræmi á milli greindarfarslegrar getu eins og hún birtist í áhugamálum, verklegum viðfangsefnum og skynsamlegum athugasemdum og síðan hvernig þeim gengur í námi (Elín Vilhelmsdóttir 2002) Það eru auknar líkur á að einstaklingur sem er lesblindur sé einnig ofvirkur, sé með athyglisbrest og frávík í hreyfi- og málproska og einnig með kvíða og depurð. Eins og sjá má þá getur lesblindan birst með margskonar hætti og einnig á misjöfnum aldri (Jónas Halldórsson 2005: Elín Vilhelmsdóttir 2002). Það er ekki nóg með það að eiga í erfiðleikum með lestur og stafsetningu, til viðbótar eiga margir lesblindir í erfiðleikum með tímahugtök og geta átt erfitt með minnið í sér. Þeir geta átt erfitt með að læra á klukku, eiga erfitt með að þekkja hægri og vinstri, hugtök eins og í gær og á morgun, snemma og seint, og jafnvel sögulegar staðreyndir (Elín Vilhelmsdóttir 2002, Jónas G. Halldórsson 2005). Eins og sjá má þá felast erfiðleikarnir ekki bara í leshömlun heldur svo miklu fleiru. Bara það að fletta upp í símaskránni getur reynst erfitt fyrir lesblinda.

Líffræðilegar orsakir lesblindu

Það er búið að rannsaka mikið en samt margt eftir órannsakað. Lesblinda er álitin vera meðfædd og arfgeng en það hefur samt engum tekist að benda á orsakir hennar né sjá hvort að undirliggjandi þættir séu einn eða fleiri (Halla Magnúsdóttir, 2010). Sýnt hefur verið að litningar 1.6 og 15 tengjast lesblindu. Það eru taldar 40% líkur að sonur verði lesblindur ef pabbinn er það og ef mamma er lesblind þá eru það 36% líkur. Það eru um 20% líkur að dóttir verði lesblind ef foreldrarnir eru það (Snowling, 2000). Til þess að sjá hvort að lesblinda sé arfgeng þá væri best að notast við tvíburarannsóknir og nota þá bæði tvíeggja og eineggja tvíbura. Þar sem eineggja tvíburara hafa sömu gen og tvíeggja tvíburar hafa helming sömu gena eins og hinn. Ef eineggja tvíburi fær sjúkdóm eða einkenni þá er mjög líklegt að hinn fái það einnig ef hann er arfgengur (Olson 2002, Stein 2004).

Hvernig er hægt að sjá að barn sé lesblint?

Það er í höndum kennarans að sjá merki um að barn eigi í erfiðleikum með að læra og það er hans verk að finna út hvað hægt sé að gera fyrir barnið í samvinnu með stuðningsfulltrúa og skólastjóra. Einnig þurfa foreldrar að fá að vita um vandamál barnsins.

Merki um að barn eigi í erfiðleikum:

- Lélegar framfarir í lestri .
- Eiga í erfiðleikum með stafsetningu.
- Mikill ruglingur í greinamerkjum og málfræði.
- Eiga í erfiðleikum með svipaða stafi eins og b og d.
- Rugla saman litlum orðum eins og til, frá og fleiri orðum.
- Illa eða rangt skrifaðir stafir.
- Eiga í erfiðleikum með að átta sig á hvenær á að nota stóra og litla stafi.
- Snúa stöfum við eins og g og d.
- Eiga í erfiðleikum með stafi sem segja svipað eins og þ og ð.
- Rugla saman hljóðum í lestri og endurtekningu.

Mikilvægt er að hjálpa börnum sem eiga í erfiðleikum með lestur áður en þau vita að þau eiga í erfiðleikum. Einnig áður en bilið milli samnemenda verður of mikið. Ef bilið verður mikið í fyrstu bekkjunum þá á bilið eftir að stækka meira eftir því sem

líður á árin. Ef nemendurnir ná ekki samnemendum sínum í lestri og öðrum fögum eru þeir líklegir til að hætta í skóla snemma á lífsleiðinni og verða ekki afkasta miklir í þjóðfélaginu (Santa, C.M,1999).

Hugtakið lesblinda

Hugtakið dyslexía kemur úr grísku og er það oft notað. Hugtakið lesblinda hefur einnig verið notað hér á landi lengi vel en þykir ekki vera gott orð fyrir meiningu þess þar sem einstaklingar eru ekki blindir þó að þeir eigi í erfiðleikum með lestur, skrift eða stærðfræði. En ýmis önnur orð hafa verið notuð í gegnum tíðina og er orðið leshömlun notað nokkuð (Rósa Eggertsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir, 2006). Í aðalnámskrá framhaldsskóla er talað um nemendur með lesröskun.

Skrifblinda

Þegar einhver á í erfiðleikum með réttitun er það oft kallað skrifblinda. Það er þegar lesblindur einstaklingur á í erfiðleikum með að skrifa. Einstaklingurinn getur líka átt í erfiðleikum með tæknina að skrifa. Hann getur haldið mjög fast á skriffærum og þreytist mjög fljótt. Lesblindir geta átt í erfiðleikum með að muna hvar eigi að byrja á staf þegar skrifað er og einnig í hvaða átt á að skrifa stafinn í. Þeir sem eru skrifblindir halda oft á blýantinum alveg neðst niðri alveg við oddinn. Einnig geta þeir átt í erfiðleikum með að láta orðin sitja bein á línunni (Elín Vilhelmsdóttir, 2007).

Reikniblinda

Lesblindir geta átt í miklum erfiðleikum með að reikna dæmi. Þeir geta átt í erfiðleikum með að vita í hvaða átt þeir eiga að vinna dæmið. Sumir lesblindir eiga í erfiðleikum með stefnuskyrn, utanbókarlærdóm og raðvinnslu sem truflar þá í stærðfræðinni og sumir ná ekki að láta ljós sitt skína í stærðfræði. Lesblindir geta átt í miklum erfiðleikum með að muna staðreyndir í samlagningu og frádrætti. Þeir geta verið í miklum erfiðleikum með að læra margföldunatófluna og bara það að leysa jöfnu getur reynst þeim erfitt. Oft er það vinnsluminnið sem hrjáir lesblinda í stærðfræðinni þar sem reynir ekki aðeins á gott minni á aðferðum heldur líka að aðlagða þær að nýjum dæmum (Elín Vilhelmsdóttir, 2007).

Lesblindir geta átt í erfiðleikum bara með að reikna saman einfalt dæmi. Einföld samlagning, frádráttur, deiling og margföldun getur reynst lesblindum erfið. Það er eins og lesblindir hafi ekki eins gott minni fyrir tölur eins og aðrir. Þeir geta t.d. ekki munað það að 8×7 eru 56 eða jafnvel mínus dæmi eins og $15 - 8$ eru 7 þá gætu lesblindir þurft að hugsa þetta vel og jafnvel nota eitthvað til að hjálpa sér. Lesblindir geta átt í erfiðleikum með að muna táknið í stærðfærðinni. Það eru ótal mörg táknið sem fylgja henni og eiga sumir í miklum erfiðleikum með að muna hvaða táknið stendur fyrir hvað (Gilroy og Miles, 1996).

Athyglisbrestur og ofvirkni

Þegar fólk hugsar um lesblindu þá hugsar það kannski ekki um þessi tvö einkenni. Lesblindur einstaklingur á oft í miklum erfiðleikum með þessi einkenni. Lesblindir eiga alveg auðvelt með að taka eftir en þegar það á að fara einbeita sér getur það verið þeim erfitt. Lesblindir eru svo meðvitaðir um umhverfið að þeir taka eftir flestu sem er að gerast í því. Þeir eru einnig gjarnan mjög forvitnir og beina þau athyglinni meira að því sem þeim finnst áhugavert en ekki. Ef lesblindum leiðist þá beita þeir annað hvort skynvillu og hverfa inn í dagdrauma eða þeir fara að beina athyglinni á það sem þeim finnst áhugavert. Stundum fylgir ofvirkni athyglisbrestinum og er það þá orðið aðeins stærra vandamál (Davis og Braun, 2003)

Ef nemandi leiðist í tíma af því að hann skilur ekki efnið og er að berjast við það alla daga þá missir hann ósjálfrátt áhugann. Lesblindir verða í ofanálag skynvilltir. Þegar þetta gerist hjá lesblindum örva þeir skynbjörgunareiginleika og verða skynvilltir. Þegar honum leiðist, er skynvilltur og ringlaður þá flýtir hann innri klukkunni hjá sér og ytri tíminn viðist hægja á sér eða vera stopp. Í rauninni finnst honum að hver mínúta sem líður að hann þurfi að bíða í tvær og passa að vera ekki með læti eða trufla hina og reyna að sitja í sætinu sínu. Í svona ástandi þá verða skilningarvit einstaklingsins bjöguð og skynfæri jafnvægis og hreyfingar einnig bjöguð. Ef lesblindur situr kyrr þegar bjögunin byrjar þá finnst honum eins og hann sé að hreyfa sig. Og síðan ef hann fer að hreyfa sig þá finnst honum hann vera kyrr. Þessi ófugsnúningur gerir það að verkum að einstaklingurinn fer að hreyfa sig (Davis og Braun, 2003).

„Klaufska“

Þetta einkenni hrjáir ekki alla lesblinda einstaklinga. Á íslensku kallast þessi þráláta klaufska verkstol. Þetta einkenni hefur ekki beint áhrif á lesturinn, stafsetninguna, stærðfræðina eða skriftina en er samt eitt einkennið. Það er mjög líklega bjöguð skynjun sem veldur þessari klaufsku. Jafnvægis- og hreyfiskyn er bjagað vegna skynvillu hjá lesblindum og getur þessi skynvilla valdið því að einstaklingum svimar. En samt er líka hægt að vera með skynbjögun þó að lesblindi einstaklingurinn sér ekki skynvilltur. Það eru um 10-15% barna sem finna fyrir þrálátu verkstoli. En verkstol getur verið mismikið eins og öll önnur einkenni lesblindurnar (Davis og Braun,2003)

Lokaorð

Lesblinda er flókið fyrirbæri sem fræðimenn eru ekki allir sammála um af hverju stafi. En fleiri og fleiri rannsóknir eru gerðar og hjálpar það okkur að skilja hana ögn betur og hjálpa foreldrum og kennurum að hjálpa lesblindum einstaklingum að læra að lifa með henni og læra inn á lesblinduna hjá sér. Það er svo mikilvægt að greina lesblindu sem fyrst svo hægt sé að vinna með einstaklinginn og hans vandamál í byrjun áður en hann finnur fyrir því að hann getur ekki gert eitthvað eins og hinir eða hann á í erfiðleikum með það. Kennarinn er mikilvægur í lífi hvers barns og er það á hans ábyrgð að kennar börnum lestur. Mikilvægt er að kennarinn þekki vel þróun lesturs hjá börnum svo hann sé með á hreynu hvernig hann kennir hann. Þá er mikilvægt að hann þekki þau einkenni sem benda til þess að börn gætu átt erfitt með lestur og séu ef til vill lesblind. Því miður hefur það komið of oft fyrir að nemendur eru komnir langt á veg í grunnskóla þegar kennarar taka eftir því að nemandinn er lesblindur og getur það orðið vandamál að taka þá í taumana. Mikilvægt er að sjá einkenni lesblindu snemma svo hægt sé að taka á málunum meðan börnin eru ennþá ung og finna ekki fyrir því að þau eigi í erfiðleikum með þetta, því annars fer þeim að líða illa með þetta. Það eru til tilfelli þar sem nemendur missa alla löngun til þess að læra af því að þeim finnst þetta of erfitt. Stór prósentu þeirra sem fara ekki í framhaldsskóla og háskóla eru lesblindir þar sem þeim finnst þetta of erfitt og vita ekki hvernig þeir eiga að geta lært á þessum stigum skóla.

Ég vona að þessi bæklingur hjálpi einhverjum foreldrum og kennurum að sjá einkenni hjá börnum og aðstoði þau í tæka tíð.

Heimildaskrá:

- Allington, R. L. (2009). *What Really Matters in FLUENCY. Research-Based Practices across the Curriculum*. United States of America: Pearson Education, Inc.
- Ásthildur Snorradóttir og Sigurlaug Jónsdóttir.(2000).Mál-lestur. Í Heimir Pálsson (ritstjóri), *Lestrarbókin okkar* (39-49). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands: Íslenska lestrarfélagið
- Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir. (2010). *Lesskilningsferlið áhrifaþættir og leiðir sem efla lesskilning*. Óútgefin meistaraþrófsritgerð, Háskóli Íslands: Reykjavík.
- Cain, K. (2010). *Reading development and difficulties. The simple view of reading: A framework for the study of reading development and reading difficulties*. Bretland:Brithish Psychological Society and Blackwell Publishing Ltd.
- Ehri, L. C. (2002). Phases of acquisition in learning to read words and implications for teaching. In R. Stainthorp & P.Tomlinson (Eds). *Learning and Teaching reading* (7-28). London: British Journal of Educational Psychology Monograph Series II.
- Elín Vilhelmsdóttir. (2002). *Hvernig geta nemendur nýtt hæfileika sína best í námi?*.tilraunaútgáfa.
- Elín Vilhelmsdóttir.(2007). *Lesblinda: dyslexia - fróðleikur og ráðgjöf*. Reykjavík, Félag lesblindra á Íslandi.
- Gilry, D.E. og Miles, T.R. (1996).*Dyslexia at college*, (2. útgáfa). New York: Simultaneously.
- Halla Magnúsdóttir.(2010). *Hugmyndir, reynsla og viðmið tengd kennslu barna með dyslexíu*. Félag lesblindra á Íslandi 2010. Prentun, Oddi

Harvey, S. og Goudvis, A. (2007). *Strategies that Work. Teaching comprehension for understanding and engagement*. United States of America: Steinhouse Publishers.

Höien, T. og Lundberg, I. (2000). *Dyslexia : From theory to intervention*. Boston, Kluwer.

Jónas G. Halldórsson. 1999. Lesblinda - dyslexia - lesblinda. *Uppeldi*, 12(4): 16-19.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson.(2010). *Hljóðkerfistvitund og bragfræði*. Skíma; 33 (2).

Robin Temple. (2002). *Dyslexia practical and easy-to-follow advice for parents*. Great Britain: CPD.

Ronald D. Davis og Eldon M. Braun. (2003). *Náðargáfan lesblinda*.Mosfellsbær, Lesblind.com.

Rósa Eggertsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir. (2006). *Lexía Fræði um leshömlun, kenningar og mat*. Akureyri, Háskólinn á Akureyri.

Santa, C.M. (1999). First steps: A program of early steps: A program for early intervention. *Reading Research Quarterly*. 34:1.

Sigurður Konráðsson. (2000).Orðaforði. Í Heimir Pálsson (ritstjóri). *Lestrarbókin okkar* (151-170). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands:Íslenska lestrarfélagið

Snowling, M. J. og Stackhouse, J. (2006). *A practitioner's handbook. Dyslexia, speech and language*. (2. útgáfa). The Atrium Southern Gate Chichester, England: Whurr Publisher Limited.

Steinunn Torfadóttir. (2010). Lestrarnám og lestrarkennsla- sigrar og ósigrar.

Talnafræðingurinn. Málþroskafrávik, skólabörn í brennidepli, 21(1), 33-34.

Walpole, S. og McKenna M., C. (2007). *Differentiated reading instruction. Strategies for the primary grades*. New York: The Guilford Press.

Wasik, B. A. (2006). Building vocabulary one word at a time. [Vefútgáfa]. *YC Young Children*, 61 (6), 70-78.